# Golfklúbbur Reykjavíkur

## Staðarreglur Meistaramótið 2026 – Korpan

1. Vallarmörk eru girðingar, hvítar línur og hvítar stikur. Á **2, 3, 9 og 27**. braut markar steinkantur á malbikuðum vegi vallarmörk. Á **3**. braut eru vallarmörk norðan (hægri) bakki árinnar. Á **4. – 8.** braut marka malbikaðir gangstígar, hægra megin, vallarmörk. Á **9.** braut markar malbikaður stígur, vinstra megin, vallarmörk. Á **12. og 13.** braut markar malbikaður stígur, hægra megin, vallarmörk. **Ávallt skal miða við þá brún malbiksins sem liggur nær vellinum**.
2. Jarðfastir steinar á snöggslegnu svæði á almenna svæðinu, vökvunarkerfi, lok á ræsum og önnur skilti, ásamt bekkjum og ruslatunnum á vellinum eru *óhreyfanlegar hindranir* sem lausn er veitt frá samkvæmt **reglu 16.1** (Óeðlilegar vallaraðstæður).
3. Gervigrasstigur við hliðina 6. flötinni er grund í aðgerð og lausn er veitt samkvæmt **reglu 16.1.**
4. Fallreitir, boltann þarf að láta falla innan fallreits og stöðvast innan hans:
   - **a. 3. braut:**
     - i. Lendi bolti í vítasvæði, má fara á fallreit gegn einu vítahöggi.
   - **b. 6. braut:**
     - i. Lendi bolti í vítasvæði, má fara á fallreit gegn einu vítahöggi.
   - **c. 13. braut:**
     - i. Lendi bolti í vítasvæði vinstramegin má fara á fallreit gegn einu vítahöggi.
     - ii. Lendi bolti á stíg vinstramegin, má fara á fallreit **vítalaust**.
   - d. **14. Braut:**
     - i. Lendi bolti innan vítasvæðis, má fara á fallreit flatarmegin við vítasvæðið gegn einu vítahöggi.
     - ii. Ef boltinn eftir upphafshögg fer alveg yfir vítasvæðið (Korpuá), þar sem hún er merkt sem rautt vítasvæði en hoppar þaðan tilbaka inn í vítasvæðið má leikmaður taka lausn samkvæmt **reglu 17.1** en þó aldrei nær holu.
   - e. **18. Braut:** Lendi bolti innan vítasvæðis, má fara á fallreit gegn einu vítahöggi. ATH. Fallreitur er staðsettur fyrir framan bláa teiginn, rétt við vítasvæðið.
   - f. **18. Braut:** Lendi bolti í blóma/trjá beði við skálann eða fyrir aftan 18. flötina, eða handan þess, **má** leikmaður að fara á fallreit sem staðsettur er við hliðina á 10. teig, **án vítis**.
5. Vítasvæði:
   - a. Sé vítasvæði merkt aðeins öðrumegin, merkir það að mörk þess framlengjast óendanlega.
   - b. Sé vítasvæði merkt með hælum inní háu grasi, miðast vítasvæðið við slátturöndina, á háa grasinu.
   - c. Sé vítasvæði merkt með rauðum hælum með hvítum toppi verður leikmaðurinn að athafna sig samkvæmt **reglu 17.1e.** Leikmaðurinn verður að taka lausn gegn víti samkvæmt reglu 17.1d eða 17.2.
6. Grund í aðgerð:
   - a. Sé grund í aðgerð merkt með bláum hælum með hvítum toppi eða bláar og hvítar línur er það bannsvæði og leikmenn verða að taka fría lausn útúr grundinni.
7. Kylfingar verða að kynna sér vel leikhraðareglur, hegðunarreglur og aðrar auka staðarreglur sem birtar eru á upplýsingatöflu í klúbbhúsi.

**Víti fyrir brot á staðarreglu, almennt víti.**

Sími dómara í mótum: 660-9750

Félagsmenn GR geta sent póst á domari@grgolf.is og fengið úrskurð sinna mála við almennan leik

Tilgreina þarf keppnisfyrirkomulag (höggleikur/punktakeppni/holukeppni) + völl og ítarlega staðhætti